

6. gr.

Samkeppnisstofnun getur veitt undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

7. gr.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 51. og 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 31. og 32. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast gildi þann 1. apríl 2003 nema 3. og 4. gr. sem öðlast gildi sem hér segir: Fyrir sölustaði sem selja þrjár milljónir lítra eða meira á ári þann 1. janúar 2004, fyrir sölustaði sem selja tvær milljónir lítra eða meira á ári þann 1. júlí 2004, fyrir sölustaði sem selja eina milljón lítra eða meira á ári þann 1. janúar 2005.

Samkeppnisstofnun, 12. desember 2002.

Georg Ólafsson.

Kristín Færseth.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á hvalaafurðum og rjúpum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum IV A, við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0208.4001	Hvalkjöt, fryst	01.01.03-31.12.03	ótilgr.	0	0
0208.4002	Hvalaafurðir, ót.a., frystar	01.01.03-31.12.03	ótilgr.	0	0
0208.4003	Hvalkjöt og aðrar hvalaafurðir, nýtt eða kælt	01.01.03-31.12.03	ótilgr.	0	0
0208.9003	Rjúpur, frystar	01.01.03-31.12.03	ótilgr.	0	0

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 416/2002 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 65. gr. og 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. desember 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUR

um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands.

1. gr.

Að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg í reglum þessum gilda ákvæði laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996, og um bókhald, nr. 145/1994, svo og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur, um gerð ársreiknings Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Gulleign bankans skal meta á síðasta skráða verði ársins, eins og það er ákvarðað af *Fixing Committee of the London Bullion Association*.

3. gr.

Kostnaðarverð varanlegra fjármuna skal gjaldfæra í rekstrarreikningi á því ári, sem þeir eru keyptir eða byggðir.

4. gr.

Framlag til ríkissjóðs af rekstrarafgangi bankans skal reikna og gjaldfæra í rekstrarreikningi og skuldfæra í efnahagsreikningi, sbr. 34. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 32. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni nr. 931/2001.

Forsætisráðuneytinu, 16. desember 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.